

## SAMÞYKKT um kattahald á Siglufirði.

### 1. gr.

Kattahald í Siglufjarðarkaupstað sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

### 2. gr.

Allir heimiliskettir í Siglufjarðarkaupstað skulu skráðir á skrifstofu bæjarins gegn greiðslu skráningargjalds og þar fá eigendur heimiliskatta afhenta plötu með skráningarnúmeri, heimilisfang og símanúmer eiganda kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins. Árlega skal, ef óskað er eftir, kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum og öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

### 3. gr.

Eigendur katta skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþrifum eða raski ró manna. Kattareigenda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

### 5. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldakrá sem Siglufjarðarkaupstaður setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Siglufjarðarkaupstaður skal birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

### 6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Umhverfisdeild Siglufjarðar er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður.

### 7. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Að þeim tíma liðnum er heimilt að lóga öllum ómerktum köttum.

### 8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Bæjar-

stjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

9. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 6. maí 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 155/2000, um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun.**

1. gr.

Nýr viðauki kemur í stað viðauka reglugerðarinnar, sbr. fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, svo og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Höfð er hliðsjón af VI. viðauka tilskipunar 2000/32/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 6. maí 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### VIÐAUKI

##### **A-hluti.**

*Staðlar fyrir umbúðir búnaðar öryggislokum:*

*1. Endurlokanlegar umbúðir*

Endurlokanlegar umbúðir búnaðar öryggislokum sem börn geta ekki opnað, skulu vera í samræmi við ISO-staðal 8317 (útgáfa frá 1. júlí 1989) um „Umbúðir sem eru þannig að börn geti ekki opnað þær – Kröfur og aðferðir við prófun á endurlokanlegum umbúðum“ samþykkt af Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO).